

23.2.2001

Eins og fram kemur í innlagnamótu er Jóel Gautur innlagður hér í kjölfar öndunarstopps sem hann fékk á bráðamóttöku barna og talið vera afleiðingar af stífluðu ventriculoperitoneal shunti. Skömmu áður en hann fór í öndunarstopp hafði hann farið í CT af höfði þar sem lýst var lítili fyllingu heilahólfa og spurning um yfirvofandi hemiation. Shuntið var síðan reviderað eins og kemur fram í innlagnamótu og við komu hér á gjörgæslu höfðu pupillur dregist örlítið saman. Hann var síðan stabil í lífsmörkum s.l. nótt.

Í morgun er neurologísk skoðun þannig, að pupillur reagera örlítið á ljós. Hann hefur engan kokreflex og reagerar ekkert á sogun. **Dr. Boss** og **Dr. B** síðan við foreldra í morgun og fóru yfir ástandið. Var foreldrum gerð grein fyrir að drengurinn væri nánast heiladaður og að lítil von væri um nokkurn bata úr þessu.

Var ákveðið að halda áfram sömu meðferð eða aðallega stuðningsmeðferð og sjá svo til í fyrramálið og endurmeta drengurinn neurologískt. Þegar leið á daginn fóru foreldrar síðan að spyrja um hvort drengurinn gæti e.t.v. verið heppilegur líffæragjafi og var þessvegna haft samband við Ríghospitalet í Kaupmannahöfn sem að eftir að hafa fengið þær upplýsingar sem þurfti tóldu sig geta notað nýru úr drengnum.

Þeir lögðu til að gerð yrði ómskoðun af nýrum sem var gerð og var þún eðlil. Þá voru þöntuð virologísk próf, þ.e.a.s. HIV hepatitis screen og cytomegalovirus antibody.

Síðan var talað við foreldrana aftur og var drengurinn síðan skoðaður aftur neurologískt kl. 6:00. Þá var skoðunin nánast eins og í morgun og vísa ég í nótu **Dr. B** þar að lútandi. Síðan var drengurinn tekinn úr

25/04/2019

23. Nóta dr. Donor II framhald.png

Nóta (Framhald)

öndunarvél í sjó mín. og andaði hann sjálfur allan tímann og virtist öndunarmunstrið verið nokkurs konar Cheyne- Stokes munstur. Það er því lýst að drengurinn hefur ennþá heilastofnsstarfsemi. Þetta var útskýrt fyrir foreldrum og þeim gerð grein fyrir að ekki væri hægt að úrskurða drenginn heiladaðan að svo stöddu. Var síðan haft samband við Ríghospitalet í Kaupmannahöfn og þeim tjáðir málavextir og munum við hafa samband við þau aftur á morgun. Þegar þetta er dict. kl. 19:15 þ. 23.2. hefur drengurinn verið stabil circulatorískt, blóðþrýstingur hefur verið 75-80 í systolu. Hann hefur haft þvagútskilnað en nýlega er búið að setja upp þvaglegg hjá honum.

Hann verður ríkulega vökvaður og mun fá 5% albumin til að halda góðum blóðþrýstingi og þvagútskilnaði. Hann verður síðan skoðaður aftur í fyrramálið og væntanlega prófað að taka hann úr öndunarvél í 5-10 mín. og sjá hverslags öndunarmunstur er á ferðinni. **Dr. B** telur að það muni vart liða meira en 24-48 klst. þar til

drengurinn versnar það mikið neurologískt að hægt verður að úrskurða hann heiladaðan. Horfur eru allavega mjög slæmar og eru foreldrar mjög vel meðvitúð um það.